

Miðvikudaginn 12. desember 1990.

Nr. 440/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Ragnari Símonarsyni.

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. nóvember 1990 samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og héraðsdómaranum „lýst rétt og skylt að fara með málið og kveða upp í því efnisdóm samkvæmt ákæru, útgefinni 5. september sl.“.

Verjandi ákærða hefur í greinargerð 7. desember 1990 gert þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Verjandi bendir á, að í máli þessu hafi komið til afskipta bæjarfógetans í Kópavogi, sem sé yfirmaður lögreglu og náinn samstarfsmaður héraðsdómarans. Ásakanir hafi einnig komið fram um leiðbeiningarþátt bæjarfógetans auk ásakana í garð lögreglu-manna.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. starfar sérhver héraðsdómari sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hefur forstöðumaður embættis ekki umsjón með dómstörfum héraðsdómara. Héraðsdómari er því ekki undir- maður forstöðumanns, að því er dómsmál varðar. Ákærði hefur því ekki ástæðu til að draga óhlutdrægni dómarans í efa. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 27. nóvember 1990.

Mál þetta er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 5. september sl., á hendur Ragnari Símonarsyni, Daltúni 34 í Kópavogi, f. 10. janúar 1973, fyrir að hafa ráðist á tvo lögreglumenn við Daltún 40 aðfaranótt 11. febrúar sl., sparkað í annan þeirra, en veitt hinum líkamsáverka, og enn fremur að hafa haft uppi hótanir við fjóra lögreglumenn.

Málið var þingfest þann 5. nóvember sl., en ákærði gaf skýrslu fyrir dómi þann 7. nóvember sl. Kom þá m.a. fram, að hann taldi lögreglumennina hafa misþyrmt sér umrædda nótt. Einnig hafi foreldrar hans lent í átökum við lögreglumennina, og móðir hans hafi hlotið áverka af þeirra völdum.

Lögreglumennirnir, sem hér um ræðir, voru þá allir í lögreglu Kópavogs. Ákærði hefur borið fyrir dómi, að hann og foreldrar hans hafi ráðfært sig við bæjarfógetann í Kópavogi, Ásgeir Pétursson, varðandi rannsókn málsins. Bæjarfógetinn hafi ætlað að athuga málið og hafa síðan samband við þau. Vegna þess að hann hafi ekki haft samband, hafi þau látið hjá líða að fara fram á ákveðna rannsókn í málinu hjá rannsóknarlögreglu. Þannig hafi bæjarfógetinn hindrað rannsókn og komið í veg fyrir, að hann og móðir hans kærðu lögreglumennina.

Í skýrslu lögreglunnar í Kópavogi kemur fram, að ákærði var færður í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík umrædda nótt til geymslu. Einnig kemur fram, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi tekið við rannsókn málsins, og var skýrsla tekin af ákærða þar næsta dag, og var ákærða sleppt að henni lokinni. Samkvæmt gögnum málsins voru ekki teknar skýrslur af foreldrum ákærða, en ekki kemur fram, að þau hafi skorast undan að bera vitni í málinu.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, sem jafnframt er lögreglustjóri í umdæminu, er yfirmaður embættisins, er dómariinn í máli þessu starfar við. Ákærði á rétt á því, að óhlutdrægni og sjálfstæði dómarsins, sem um mál hans fjallar, verði ekki dregið í efa. Þykir því rétt með vísan til 7. tl. i.f. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sem gildir um meðferð opinberra mála samkvæmt 2. mgr. 15. gr. 1. nr. 74/1974, að dómariinn víki sæti í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómari vikur sæti í máli þessu.